



Hönnun og tækni 2020-2021.

Bekkur: 9 - 10. bekkur

Námsgrein: Hönnun og tækni

Kennarar: Margrét Lára Eðvarðsdóttir

Tímafjöldi: 2 x 40 mínútur á viku á miðvikudögum.

Námsgögn: Hönnun og verkleg vinna, kennslumyndbönd, innlögn og stuðningur af námsefni eftir því sem þurfa þykir t.d. grunnteikningaæfingar.

Í upphafi skólaárs er farið yfir öryggis- og umgengnisegluglur í smíðastofu þar sem helsta vinnan fer fram. Lögð verður áhersla á hönnun, teikningu, útfærslu og vandvirkni í vinnu verkefna vetrarins.

Nemendur verða þjálfaðir í hönnun og grunnteikningu. Þeir teikna og hanna sín eigin verkefni ásamt því að vinna eftir málsetningu og smíðateikningu. Nemendur kynnst nýjustu hönnun og tækni í hinum ýmsu greinum. Byggingariðnaði, bílaiðnaði, tækni, tölvu og snjalltækjum ásamt fleiru. Hver kennslutími endar á frágangi þar sem hver nemandi gengur frá eftir sig.

Skipulag kennslu:

Skipulag kennslu í hönnun og verður nokkuð frjálst þar sem nemendur fá að láta í ljós áhuga sinn á nálgun kennslunnar og þannig fengið að hafa áhrif á verkefnaval vetrarins. Mikil áhersla verður lögð á að kynna fyrir nemendum framtíðarmöguleika í menntun á sviði hönnunar, tækni og sköpunar ýmiskonar. Farið verður í tæknilega vinnu við grunnteikningu og hönnunarteikningar. Verkfæraþekkingu gerð skil ásamt líkamsbeitingu við vinnu. Endurnýting og endurvinnsla hvers konar verður sérstaklega tekin fyrir og áhersla verður lögð á notkun endurnýtingar í hönnunarferli. Kennt er einu sinni í viku tvo tíma í senn.

Verkefni: Nokkur einstaklings og hópverkefni verða á önninni. Nemendur skila þeim ýmist á blaði, með fyrirlestri eða stuttri kynningu fyrir samnemendur. Nemendur velja sér eitt grunnhönnunarverkefni til að vinna að í vetur. Þetta verkefni er eigin hönnun og teikning. Nemendur geta nýtt sér netið, bækur og fleira til að finna hugmyndir að verkefni sem hefur gildi fyrir þau sjálf. Þarna skiptir áhugi og ímyndunarafli miklu máli. Nemendur vinna verkið frá hugmynd að prótótýpu og jafnvel að fullunnu verki ef verkið er þess eðlis að hægt er að ljúka því á smíðastofunni. Þá geta nemendur valið sér fleiri frjáls verkefni, allar hugmyndir eru mögulegar ef tími leyfir.

Verklýsingar: Nemendur halda teikningum og verkefnum til haga og skrá hjá sér í ferilbók. Í ferilbókina fara allar helstu upplýsingar um verkefni, hugmyndir og teikningar. Þar meta þau einnig vinnuframlag sitt með sjálfsmati. Þá sýna þau ferli grunnhönnunarverkefnis í ferilbók.



Hvaðan kom hugmyndin og hver var fyrirmyndin ef einhver. Hvernig var hönnunarferlið. Breytingar í hönnunarferlinu, niðurstaða og teikningar.

Verkefna og sjálfsmat í ferilbók .

Hvernig fannst þér takast til – kostir og gallar, hversu mikið lagðir þú þig fram og hvað mætti betur fara. Hvað kom þér á óvart og hvað ert þú ánægð/ur með?

Ferilbók í hönnunarvali:

1. Forsíða í tölvu eða fríhendis skreytt að vild – fram komi nafn nemanda og bekkur.
2. Verkefnalisti – upptalning á hönnunarverkefnum, hópverkefnum, vinnuteikningum.
3. Vinnuteikningar af hönnun verkefna sem unnin voru.
4. Heima/tímaverkefni.
5. Sjálfsmat í lok annar.

Ferilbók gildir 10% af lokaeinkunn.

Ferilbók skal skila miðvikudaginn 9. desember 2020 til kennara.

Lokanámsmat: Símat er á hönnun og vinnu nemenda yfir önnina. Ferilbók og heimaverkefni er hluti af vinnubókareinkunn.

Metið er í litum; rauðum, gulum, grænum og bláum í símati og lokaeinkunn er gefin í A, B+, B, C+, C, og D og skráð í Mentor.

Ástundun = Vinna í tíma, mæting og frágangur 25%

- Þessir þættir eru metnir með símati og teknir inn í námsmat verkefna.

Vinna = Hönnunarverkefni, verklýsingar og ferilbók 75%

Vinnubók 10% Verkefni annarinnar 65%

- Þessir þættir eru metnir út frá metanlegum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og birtast í Menor.